

Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. um nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (PHB, DJ, BÁ, UMÓ, Sporg).

Við 1. gr.

- a. 1. másl. 3. mgr. a-liðar orðist svo: Sé lesið af ökumæli ökutækis sem er undir 10.000 kg að leyfðri heildarþyngd, eða ökumæli bifreiðar sem ætluð er til fólksflutninga, á tímabilinu 15. til og með 29. júní skal akstur ökutækisins áætlaður frá álestrardegi til loka álestrartímabils.
- b. Í stað „1.500“ í 2. mgr. b-liðar komi: 5.000.
- c. Við greinina bætist nýr stafliður, c. (XI), svohljóðandi:
Þrátt fyrir 24. gr. laga nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., skal ákvæði til bráðabirgða I, sbr. lög nr. 59/1994, gilda til 1. janúar 2006.